

Hampiðjan hf.

Ársreikningur samstæðu 2007

Ársreikningur samstæðu 2007

Efnisyfirlit:	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra.....	1
Áritun óháðs endurskoðanda.....	2
Rekstrarreikningur.....	3
Efnahagsreikningur.....	4
Yfirlit yfir breytingar á eigin fé.....	5
Sjóðstreymi.....	6
Skýringar.....	7 - 20

Hampiðjan hf.
kt. 590169-3079
Flatahrauni 3
Hafnarfirði

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma ársreikning Hampiðjunnar hf. og dótturfélaganna Balmar Fios Ida. í Portúgal, Hampidjan Namibia Ltd. í Namibíu, Hampidjan New Zealand Ltd. á Nýja Sjálandi, Hampidjan USA Inc. í Bandaríkjunum, Swan Net Gundry Ltd. á Írlandi, Cosmos Trawl a/s í Danmörku, Hampidjan HiTec Ropes a/s. í Noregi, Rope Net and Twine Ltd. í Kanada, Hampidjan Baltic uab í Litháen, Otter Ultra Low Drag Ltd. Cayman og Fjarðaneta hf. á Íslandi.

Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Rekstrartekjur samstæðunnar á árinu voru 46,4 milljónir evra en árið áður voru rekstrartekjur 45 milljónir evra. Unnin ársverk hjá samstæðunni voru 544, en voru 520 árið áður. Laun og launatengd gjöld námu 13,4 milljónum evra, þar af voru 2,1 milljónir evra launatengd gjöld. Hagnaður ársins var 3,7 milljónir evra en árið áður var tap 695 þúsund evrur.

Heildareignir samstæðunnar voru 77,3 milljónir evra í árslok. Eigið fé var 34,9 milljónir evra í árslok en af þeirri upphæð eru 5,7 milljónir evra hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga. Hlutfall eigin fjár, þegar hlutdeild minnihluta er talin með eigin fé, var 45% í árslok. Hlutfé í félagsins í árslok var IKR 497,6 milljónir eða 5,5 milljónir evra. Síðasta skráða viðskiptagengi með hlutabréf félagsins á sl. ári var 6,5.

Fjöldi hluthafa í félaginu var 238 í árslok, en var 252 í ársbyrjun. Í árslok áttu þrjú hluthafar yfir 10% eignarhlut í félaginu, en það eru Vogun hf. sem átti 37,8%, Landsbankinn hf. sem átti 22% og Fiskveiðahlutafélagið Venus hf. sem átti 14,7% af heildarhlutafé félagsins, aðrir hluthafar áttu minna en 10% eignarhlut.

Stjórn Hampiðjunnar hf. hefur sett sér starfsreglur í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga, þar sem valdsvið stjórnar er skilgreint og verksvið hennar gagnvart forstjóra. Í starfsreglum þessum er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, reglur um hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, reglur um þagnarskyldu, upplýsingagjöf forstjóra gagnvart stjórn og fleira. Stjórn félagsins ákveður starfskjör forstjóra.

Stjórn Hampiðjunnar hf. leitast við að fylgja Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Þó er ekki ljóst hvort stjórn félagsins uppfyllir skilyrði í greinum 2.5 og 2.6, en það er mat stjórnar að viðmið þeirra orki tvímælis.

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 10% arður til hluthafa á árinu 2008, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn varðandi breytingar á eigin fé félagsins.

Stjórn og forstjóri Hampiðjunnar hf. staðfesta hér með ársreikning samstæðu félagsins fyrir árið 2007 með undirritun sinni.

Hafnarfirði 7. mars 2008

Stjórn:

Bragi Hannesson

Árni Vilhjálmsson

Kristján Loftsson

Sigurgeir Guðmannsson

Jón Guðmann Pétursson

Forstjóri:

Jón Guðmann Pétursson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Hampiðjunnar hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning samstæðu Hampiðjunnar hf. fyrir árið 2007. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðu Hampiðjunnar hf. á árinu 2007, efnahag 31. desember 2007 og breytingu á handbæru fé á árinu 2007, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og lög um ársreikninga.

Hafnarfirði 7. mars 2008

PricewaterhouseCoopers hf

Ómar H. Björnsson

Þórir Ólafsson

Rekstrarreikningur samstæðu

	Skýringar	2007	2006
Sala		46.427	45.042
Beinn framleiðslukostnaður		<u>(30.940)</u>	<u>(29.206)</u>
Framlegð		15.487	15.836
Rekstrarkostnaður		<u>(12.063)</u>	<u>(12.641)</u>
Rekstrarhagnaður fyrir aðrar tekjur (-gjöld)		3.424	3.195
Aðrar tekjur (-gjöld)	5	<u>1.094</u>	<u>1.128</u>
Rekstrarhagnaður		4.518	4.323
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	7	(1.595)	(2.975)
Áhrif af rekstri hlutdeildarféлага	12	<u>1.888</u>	<u>(2.209)</u>
		293	(5.184)
Hagnaður (tap) fyrir skatta		4.811	(861)
Tekjuskattur	8	<u>(1.096)</u>	<u>166</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>3.715</u>	<u>(695)</u>
Skipting hagnaðar (taps)			
Hluti hluthafa móðurfélagsins		3.245	(425)
Hluti minnihluta í afkomu dótturfélaga		<u>470</u>	<u>(270)</u>
		<u>3.715</u>	<u>(695)</u>
Hagnaður (tap) á hlut (sýndur sem EUR cent á hlut)	9	0,75	(0,14)

Skýringar á bls. 7 - 20 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningskila

Efnahagsreikningur samstæðu

Eignir	Skýringar	2007	2006
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	10	28.133	24.627
Óefnislegar eignir	11	5.431	5.294
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum	12	9.888	8.216
Fjárfestingar sem haldið er til sölu	13	744	840
Skuldabréf og langtímakröfur	15	43	37
Tekjuskattsineign	18	527	717
		<u>44.766</u>	<u>39.731</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	14	19.013	18.610
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	15	11.077	12.211
Handbært fé	16	2.404	3.825
		<u>32.494</u>	<u>34.646</u>
Eignir samtals		<u>77.260</u>	<u>74.377</u>
Eigið fé			
Hlutfé		5.543	5.563
Yfirverðsreikningur hlutafjár		549	658
Aðrir varasjóðir		(378)	(479)
Óráðstafað eigið fé		23.458	20.779
		<u>29.172</u>	<u>26.521</u>
Hlutdeild minnihluta		5.733	5.621
Eigið fé samtals		<u>34.905</u>	<u>32.142</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Langtímaskuldir	17	20.098	22.484
Tekjuskattsskuldbinding	18	3.282	3.023
		<u>23.380</u>	<u>25.507</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	19	7.409	5.736
Skuldir við lánastofnanir	17	11.566	10.992
		<u>18.975</u>	<u>16.728</u>
Skuldir samtals		42.355	42.235
Eigið fé og skuldir samtals		<u>77.260</u>	<u>74.377</u>

Skýringar á bls. 7 - 20 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningsskila

Yfirlit um breytingar á eigin fé samstæðu

	Hlutfé	Yfir verðs- reikn	Aðrir vara- sjóðir	Óráðst. eigið fé	Hlutf. minnihl.	Samtals
Staða 1. janúar 2006	5.568	696	397	23.586	6.142	36.389
Arður til hluthafa				(807)		(807)
Þýðingarmunur			(876)		(251)	(1.127)
Áhrif hlutdeildarféлага				(1.575)		(1.575)
Keypt eigin hlutabréf	(5)	(38)				(43)
Tap 2006				(425)	(270)	(695)
Staða 31. desember 2006 / 1. janúar 2007	5.563	658	(479)	20.779	5.621	32.142
Arður til hluthafa				(570)		(570)
Þýðingarmunur			101		(358)	(257)
Áhrif hlutdeildarféлага				4		4
Keypt eigin hlutabréf	(20)	(109)				(129)
Hagnaður 2007				3.245	470	3.715
Staða 31. desember 2007	<u>5.543</u>	<u>549</u>	<u>(378)</u>	<u>23.458</u>	<u>5.733</u>	<u>34.905</u>

Skýringar á bls. 7 - 20 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningskila

Sjóðstreymi samstæðu

	Skýringar	2007	2006
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		4.518	4.323
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		1.662	1.585
Hagnaður fyrir fjárliði (EBITDA)		6.180	5.908
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	5	(1.017)	(1.612)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		(1.614)	(727)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		3.549	3.569
Innborgaðir vextir og arður.....		495	358
Greiddir vextir.....		(1.847)	(1.626)
Greiddir skattar.....		(221)	(378)
Handbært fé frá rekstri		1.976	1.923
Fjárfestingahreyfingar			
Kaup og sala varanlegra rekstrarfjármuna	10	(663)	(586)
Kaup óefnislegra eigna	11	(453)	(132)
Kaup og sala eignarhluta í öðrum félögum		9	(84)
Skuldabréf og langtímakröfur, breyting		(3)	135
Handbært fé frá fjárfestingum (til fjárfestinga)		(1.110)	(667)
Fjármögnunarhreyfingar			
Skammtímalán, breyting		(417)	(2.530)
Tekin ný langtímalán		1.009	6.346
Afborganir langtímalána		(2.180)	(2.434)
Breyting á hlutafé		(129)	0
Arður greiddur til hluthafa		(570)	(807)
Handbært fé frá fjármögnun (til fjármögnunar)		(2.287)	575
Hækkun á handbæru fé		(1.421)	1.831
Handbært fé í byrjun árs.....		3.825	1.994
Handbært fé í lok ársins		2.404	3.825

Skýringar á bls. 7 - 20 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningskila

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Meginstarfsemi samstæðu Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga er framleiðsla og sala á fullbúnum veiðarfærum og íhlutum þeirra. Félagið er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Hampiðjan hf. er með heimilisfesti á Íslandi. Heimilisfang er skráð að Flatahrauni 3 í Hafnarfirði.

Félagið er skráð á First North hliðarmarkaði Kauphallar OMX á Íslandi.

Stjórn félagsins samþykkti þessi reikningsskil 7. mars 2008.

2. Reikningsskilaaðferðir

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessara reikningsskila eru tilgreindar hér á eftir. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á bæði árin sem sett eru fram, nema annað sé tekið fram.

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur samstæðu Hampiðjunnar hf. fyrir árið 2007 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu (ESB).

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð, eins og henni hefur verið breytt með endurmati fasteigna, fjárfestinga sem haldið er til sölu og fjáreigna á gangverði (þ.m.t. afleiðugerninga) sem fært er í rekstrarreikning.

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að notaðar séu tilteknar aðferðir við reikningshaldslegt mat. Stjórnendur félagsins þurfa jafnframt að ákvarða notkun tiltekinna reikningsskilaaðferða. Sérstaklega er greint frá þessum aðferðum í skýringu nr. 4.

Reikningsskilareglur sem samþykktar hafa verið af ESB víkja frá alþjóðlegum reikningsskilastöðlum á nokkrum sviðum sem tengjast starfsemi samstæðunnar:

Staðlar og endurbætur sem ekki hafa verið samþykktar af ESB:

IAS 23 (endurbætur), Lántökukostnaður (gildir frá 1. janúar 2009). Felur í sér niðurfellingu á heimild til gjaldfærslu lántökukostnaðar sem tengist beint kaupum, smíðum eða framleiðslu eignfærsluhæfrar eignar. Gerð er krafa um að lántökukostnaðurinn sé eignfærður sem hluti af kostnaðarverði eignarinnar. Þessar endurbætur hafa ekki verið samþykktar af ESB. Samstæðan mun beita þeim um leið og þær hafa verið samþykktar af ESB.

Túllkanir við gildandi staðla sem ekki hafa verið samþykktar af ESB:

IFRIC 12, Samningar um þjónustuívilnun (gildir frá 1. janúar 2008)

IFRIC 13, Tryggðarkerfi (gildir frá 1. júlí 2008)

IFRIC 14 IAS 19, Takmörkun á réttindatengdum eignum, ákvæði um lágmarksfjármögnun og samspil þeirra (gildir frá 1. janúar 2008)

Staðlar og endurbætur sem samþykktar hafa verið af ESB og tóku gildi 2007.

IFRS 7, Fjármálagerningar: skýringar. Staðallinn felur í sér auknar kröfur um framsetningu skýringa til þess að bæta upplýsingagjöf um fjármálagerninga. Þessar nýju skýringar veita upplýsingar um áhættu, byggða á innri upplýsingagjöf til stjórnenda. Staðallinn leysir af hólmi hluta af þeim kröfum um skýringar sem felast í IAS 32, Fjármálagerningar: skýringar og framsetning.

2.2 Samstæðureikningsskil

a) Dótturfélög

Dótturfélög eru öll fyrirtæki þar sem samstæðan hefur vald til að ráða fjárhagslegri og stjórnunarlegri stefnu, sem fylgir að öðru jöfnu eignarhlut með meira en helmingi atkvæðaréttar. Lítið er til áhrifa af mögulegum atkvæðarétti sem hægt er að nýta eða breyta við mat á því hvort samstæðan ráði yfir öðru fyrirtæki. Dótturfélög eru að fullu hluti samstæðunnar frá þeim degi þegar yfirráð eru færð yfir til samstæðunnar. Þau eru tekin út úr samstæðunni frá þeim degi þegar yfirráðum lýkur.

Skýringar

Kaupaðferð í reikningshaldi er notuð við færslu kaupa samstæðunnar á dótturfélögum. Kaupverð er metið sem gangvirði tilgreindra eigna sem látnar eru af hendi, útgefinna eiginfjárgemninga og skulda sem stofnað er til eða teknar eru yfir á viðskiptadegi, auk kostnaðar sem rekja má beint til yfirtökunnar. Aðgreinanlegar eignir og skuldir og skuldbindingar sem eru yfirteknar við sameiningu fyrirtækja eru metnar í upphafi á gangvirði á yfirtökudegi, án tillits til hversu mikil hlutdeild minnihluta er. Sú fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði eignarhluta samstæðunnar í yfirteknum aðgreinanlegum hreinum eignum er skráð sem viðskiptavild.

Viðskipti á milli fyrirtækja, innbyrðis stöður og óinnleystur hagnaður af færslum á milli fyrirtækja samstæðunnar eru felldar niður í samstæðureikningsskilunum. Óinnleyst tap er einnig fellt niður nema viðskiptin gefi visbendingu um að virði eignarinnar sem var yfirfærð hafi rýrnað. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt, þar sem þörf er á, til að tryggja samræmi við aðferðir samstæðunnar.

b) Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru allar rekstrareiningar sem samstæðan hefur veruleg áhrif í en hefur ekki yfirráð yfir. Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum eru færðar með hlutdeildaraðferð við reikningsskil og eru færðar í upphafi á kostnaðarverði. Hlutur samstæðunnar í hagnaði eða töpum hlutdeildarfélaga eftir kaup er færður í rekstrarreikning og hlutur hennar í hreyfingum eiginfjárreikninga er færður á eigið fé. Uppsafnaðar hreyfingar eftir yfirtöku eru leiðréttar gagnvart bókfærðri fjárhæð fjárfestingarinnar. Þegar hlutur samstæðunnar í töpum hlutdeildarfélagsins er jafnmikill eða meiri en hlutdeild hennar í hlutdeildarfélaginu, þ.m.t. allar aðrar ótryggðar viðskiptakröfur, færir samstæðan ekki frekari töp nema hún hafi stofnað til skuldbindinga eða innt af hendi greiðslur fyrir hönd hlutdeildarfélagsins.

2.3 Starfsþáttaskýrslur

Rekstrarstarfsþáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar sem fæst við að útvega tiltekna vöru eða þjónustu sem er háð ólíkum þáttum varðandi áhættu og afkomu en þá sem tengist öðrum rekstrarstarfsþáttum samstæðunnar. Samstæðan skilgreinir starfsemina sem einn starfsþátt.

2.4 Umreikningur á erlendum gjaldmiðlum

(a) Starfrækslugjaldmiðill og reikningsskilagjaldmiðill

Í reikningsskilum fyrirtækja innan samstæðunnar eru liðir færðir í gjaldmiðli þess efnahagslega umhverfis sem þau starfa í (starfrækslugjaldmiðillinn). Samstæðureikningsskilin eru sett fram í þúsundum evra, sem er bæði starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill samstæðunnar.

(b) Viðskipti og stöður

Viðskipti í erlendum gjaldmiðli eru umreiknuð yfir í starfrækslugjaldmiðil á því gengi sem er í gildi á viðskiptadeginum. Hagnaður eða tap, sem stafa af uppgjöri slíkra viðskipta og af umreikningi á gengi peningalegra eigna og skulda í erlendri mynt í lok tímabilsins, eru færð í rekstrarreikning.

(c) Félög samstæðunnar

Afkoma og efnahagur félaga samstæðunnar þar sem starfrækslugjaldmiðill er annar en framsetningargjaldmiðillinn, eru umreiknuð í framsetningargjaldmiðilinn með eftirfarandi hætti:

- (i) eignir og skuldir efnahagsreiknings eru umreiknaðar á gengi í lok tímabilsins
- (ii) liðir rekstrarreiknings eru umreiknaðir á meðalgengi tímabilsins
- (iii) allar breytingar á gengi sem af þessu leiða eru færðar sem sérgreindur liður meðal eigin fjár

Viðskiptavild og annað yfirverð vegna kaupa á erlendum dótturfélögum eru meðhöndluð sem eignir og skuldir þeirra og umreiknað á gengi lok ársins.

2.5 Varanlegir rekstrarfjármunir

Til fasteigna teljast fyrst og fremst verksmiðjur, iðnaðarhúsnæði og skrifstofur. Varanlegir rekstrarfjármunir eru tilgreindir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Upphaflegt kostnaðarverð felur í sér kostnað sem rekja má beint til kaupa á viðkomandi eignum.

Viðbótarfjárfesting sem fellur til síðar er innifalin í bókfærðu verði eignarinnar eða færð sem sérgreind eign, eftir því sem við á. Það gerist þó einungis þegar líklegt er að efnahagslegur ávinningur, sem tengist fjárfestingunni, muni í framtíðinni renna til samstæðunnar og að unnt sé að meta kostnaðarverð með öruggum hætti. Viðgerðir og viðhald eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi á því tímabili þegar stofnað er til þeirra.

Skýringar

Land er ekki afskrifað. Afskriftir annarra eigna eru reiknaðar þannig að mismunur á kostnaðarverði þeirra og áætluðu hrakvirði er dreift línulega á áætlaðan nýtingartíma eignanna, sem er eftirfarandi:

Vélar og önnur framleiðslutæki	12-15 ár
Bifreiðar	5-9 ár
Fasteignir	25-50 ár
Skrifstofubúnaður, áhöld og þróunarkostnaður	3-5 ár
Einkaleyfi	16-20 ár
Hugbúnaður	5-10 ár

Meiriháttar endurbætur eru afskrifaðar á líftíma viðkomandi eignar eða þeim tíma sem líður að næstu meiriháttar endurbótum, hvort sem skemur er.

Hrakvirði eigna og nýtingartími eru endurskoðað árlega og leiðrétt, ef við á.

Bókfært verð eignar er fært niður í endurheimtanlegt virði ef bókfært verð hennar er hærra.

Söluhagnaður og -tap reiknast sem mismunur söluverðs að frádregnum kostnaði við sölu og bókfærðs verðs seldra eigna á söludegi. Söluhagnaður og -tap er fært í rekstrarreikning. Þegar endurmetnar eignir eru seldar eru fjárhæðir sem eru innifaldar í öðrum varasjóðum og þeim tengjast, færðar yfir á óráðstafað eigið fé.

2.6 Óefnislegar eignir

(a) Viðskiptavild

Viðskiptavild endurspeglar þá fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði hluta samstæðunnar í hreinum aðgreinanlegum eignum yfirtækis dótturfélags á yfirtökudegi. Viðskiptavild vegna samruna og kaupa dótturfélaga er hluti af óefnislegum eignum samstæðunnar. Viðskiptavild er metin árlega að teknu tilliti til virðisrýrnunar og er bókfærð á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðu virðisrýmunartapi.

Viðskiptavild er skipt á fjárskapandi einingar í því skyni að meta hana með tilliti til virðisrýrnunar. Virðisrýrnun viðskiptavildar, byggð á virðisrýmunarprófum í samræmi við IAS-staðal 36, er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

(b) Einkaleyfi

Einkaleyfi er tilkomið vegna kaupa á útgefnum einkaleyfum og umsóknum á öðrum er lúta að nýtingu þanorku í veiðarfærum þegar þau eru dregin í sjó. Einkaleyfi er fært á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum.

(c) Hugbúnaður

Hugbúnaðarleyfi sem hafa verið keypt eru eignfærð miðað við þann kostnað sem stofnað var til við að kaupa og koma í notkun þessum tiltekna hugbúnaði. Hugbúnaður er færður á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum.

(d) Þróunarkostnaður

Kostnaður tengdur þróun og viðhaldi veiðarfæra er gjaldfærður þegar til hans er stofnað. Kostnaður, sem er beinlínis tengdur framleiðslu aðgreinanlegra og einstakra veiðarfæra sem samstæðan hefur umráð yfir og mun sennilega mynda efnahagslegan ávinning sem er meiri en kostnaður í meira en eitt ár er færður sem óáþreifanlegar eignir. Beinn kostnaður innifelur starfsmannakostnað vegna veiðarfæraþróunar og viðeigandi hluta tilheyrandi óbeins kostnaðar.

2.7 Virðisrýrnun eigna

Eignir sem hafa óskilgreindan líftíma og eru ekki afskrifaðar á kerfisbundinn hátt eru metnar árlega með tilliti til virðisrýrnunar. Eignir sem eru afskrifaðar eru skoðaðar með tilliti til virðisrýrnunar þegar breytingar á umhverfi eða atburðir benda til þess að bókfært verð þeirra sé lægra en endurheimtanlegt virði þeirra. Sérstök niðurfærsla er færð ef endurheimtanlegt virði þeirra, sem er hærra af nettó söluverði og notkunarvirði, er lægra en kostnaðarverð þeirra að frádregnum afskriftum. Í virðisrýmunarprófi eru eignir flokkaðar eins og mögulegt er svo hægt sé að mæla áætlað sjóðstreymi þeirra.

Skýringar

2.8 Fjárfestingar

Samstæðan flokkar fjárfestingar sínar í kröfur og fjáreignir sem haldið er til sölu. Flokkunin tekur mið af tilgangi fjárfestinganna. Stjórnendur ákveða flokkun fjárfestinganna á kaupdegi og endurskoða reglulega.

(a) Kröfur

Kröfur eru fjáreignir með skilgreindum gjalddögum og eru ekki skráðar á virkum markaði og ekki stendur til að selja þær. Þær eru meðal veltufjármuna nema samið sé um gjalddaga sem er síðar en 12 mánuði frá dagsetningu efnahagsreiknings. Kröfur eru innifaldar meðal viðskiptakrafna og fyrirframgreiðslna í efnahagsreikningi.

(b) Fjárfestingar sem haldið er til sölu

Fjárfestingar haldið til sölu eru ekki afleiður og hafa ekki verið skilgreindar sem fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Þær eru færðar meðal fastafjármuna nema stjórnendur ætli sér að selja þær innan 12 mánaða frá dagsetningu efnahagsreiknings.

Kaup og sala fjárfestinga eru færð á viðskiptadegi sem er sá dagur sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja fjárfestingar. Viðskiptakostnaður er innifalinn í kaupverði. Fjárfestingar til sölu eru eftir það bókfærðar á gangvirði. Fjárfestingar eru færðar út úr efnahagsreikningi þegar réttindi til sjóðstreymis þeirra eru útrunnin eða þegar samstæðan hefur flutt áhættu og ávinning af fjárfestingunni. Óinnleystur hagnaður/tap af fjárfestingum sem flokkaðar eru sem fjárfestingar til sölu er færður meðal eigin fjár. Gangvirði fjárfestinga er byggt á tilboðsverðum eða sjóðstreymislíkönum. Gangvirði óskráðra hlutabréfa er áætlað út frá verði/hagnaði eða verði/sjóðstreymiskennitölum sem endurspeglar umhverfi útgefandans. Þar sem ekki er hægt að mæla verðmæti óskráðra hlutabréfa með ábyggilegum hætti, eru þau bókfærð á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Þegar fjárfestingaverðbréf eru seld eða færð niður, færast uppsöfnuð áhrif sem áður höfðu verið færð yfir eigið fé til tekna eða gjalda í rekstrarreikningi.

Gangvirði skráðra fjárfestinga er byggt á gildandi tilboðsverði. Ef markaðurinn fyrir fjáreign er ekki virkur (og fyrir óskráð verðbréf) ákvarðar samstæðan gangvirði með því að nota sérstakar matsaðferðir. Meðal þeirra er notkun nýlegra viðskipta ótengdra aðila, tilvísun til annarra gerninga sem eru efnislega þeir sömu, núvirt greining á sjóðstreymi og verðmyndunarlíkón fyrir vilnun sem eru sérsníðin til að endurspeglar sérstakar aðstæður útgefandans.

Á sérhverri dagsetningu efnahagsreiknings metur samstæðan hvort fyrir hendi séu hlutlægar vísbendingar um að fjáreign eða flokkur fjáreigna hafi rýrnað í virði. Þegar um er að ræða hlutabréfatengd verðbréf sem er haldið til sölu er tekið tillit til verulegrar lækkunar eða lækkunar til lengri tíma á gangvirði verðbréfsins sem er lægra en kostnaðarverð þess þegar ákvarðað er hvort verðmæti bréfanna hafi lækkað. Ef einhver slík vísbending er fyrir hendi að því er varðar fjáreignir sem haldið er til sölu er uppsafnað tap - metið sem mismunurinn á kostnaðarverði kaupanna og gildandi gangvirðis að frádregnu öllu virðisrýrnunartapi af þessari fjáreign sem var áður fært í rekstrarreikning - fjarlæggt úr eigin fé og fært í rekstrarreikning. Virðisrýrnunartöp af eiginfjárgerningum sem færð eru í rekstrarreikning eru ekki bakfærð í gegnum rekstrarreikning.

2.9 Birgðir

Hráefni eru metin á innkaupsverði. Kostnaðarverð vara í framleiðslu og fullunninna vara samanstandur af beinum launa- og efniskostnaði ásamt öðrum kostnaði sem beint eða óbeint tengist framleiðslu varanna. Kostnaðarverð er ákvarðað með því að nota "fyrst inn-, fyrst út" aðferðina (FIFO-aðferðina). Birgðir samstanda af netum, köðlum, járnvörum, veiðarfærum, vörum í vinnslu og hráefnum til neta, kaðla og hleraframleiðslu. Niðurfærsla er færð á móti vörum sem hreyfast hægt.

2.10 Verk í vinnslu

Umsamin verk í vinnslu eru metin miðað við söluverð að teknu tilliti til framgangs þeirra. Ef ljóst er að tap verður á verkinu þá er það innleyst strax.

2.11 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum samstæðunnar.

Skýringar

2.12 Handbært fé og igildi þess

Handbært fé innfelur reiðufé, inneignir í bönkum og aðrar skammtímafjárfestingar sem auðvelt er að skipta í reiðufé og eru með binditíma allt að þrem mánuðum. Yfirdráttur í banka er sýndur í lántöku meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

2.13 Hlutfé

Almennir hlutir eru flokkaðir sem eigið fé.

Ef eitthvert félag samstæðunnar kaupir eigið hlutfé félagsins (eigin hlutabréf) er endurgjaldið sem greitt er, að meðtöldum öllum viðbótarkostnaði sem rekja má beint til kaupanna (að frádrögnum tekjusköttum), dregið frá eigin fé þar til hlutirnir eru afskrifaðir, endurútgefnir eða þeim ráðstafað. Þegar slíkir hlutir eru síðan seldir eða endurútgefnir er hvers kyns endurgjald sem móttekið er, að frádrögnum öllum viðbótarkostnaði við viðskiptin sem má rekja beint til kaupanna og tengdra áhrifa vegna tekjuskatta, innifalið í eigin fé.

2.14 Lántökur

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði. Allur lántökukostnaður er gjaldfærður um leið og hann fellur til.

Lántaka er flokkuð meðal skammtímaskulda nema samstæðan hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu efnahagsreiknings.

2.15 Frestaður tekjuskattur

Frestaður tekjuskattur af tímabundnum mismunum milli skattverðs eigna og skulda og bókfærðra fjárhæða þeirra í samstæðureikningsskilunum er færður að fullu til skuldar. Frestaður tekjuskattur er hins vegar ekki færður ef hann myndast vegna upphaflegrar færslu eignar eða skuldar í öðrum viðskiptum en sameiningu fyrirtækja sem hefur hvorki áhrif á reikningshaldslegan né skattskyldan hagnað eða tap. Frestaður tekjuskattur er ákvarðaður með því að nota skatthlutföll sem hafa verið lögleidd fyrir dagsetningu efnahagsreiknings eða fyrir liggur að verði lögleidd og vænst er að verði í gildi þegar tengd frestuð skattinneign er innleyst eða frestaða tekjuskattskuldbindingin er gerð upp.

Frestaður tekjuskattur vegna tímabundinna mismuna sem stafa af fjárfestingum í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum er færður nema þegar samstæðan stjórnar því hvenær tímabundni mismunurinn er bakfærður og líklegt er að tímabundni mismunurinn muni ekki snúast við í fyrirsjáanlegri framtíð.

Frestaðar skattinneignir eru færðar að því marki sem líklegt er að unnt verði að nýta tímabundna mismuni á móti skattalegum framtíðarhagnaði.

2.16 Starfsmannasamningar

Ágóðahlutir og bónusgreiðslur

Undir vissum kringumstæðum er færð skuldbinding vegna lykilstarfsmanna vegna áunninna réttinda til ágóðahluta. Til þess að svo sé þarf eftirfarandi skilyrði að vera uppfyllt:

– það liggur fyrir formleg ákvörðun um greiðslu ákveðinnar fjárhæðar og ákvörðunin er tekin áður en reikningsskilin eru gefin út.

Kostnaður vegna ágóðahluta og bónusgreiðslna sem verður væntanlega greiddur á næstu 12 mánuðum, er færður á þeirri fjárhæð sem líklegt er að komi til greiðslu.

2.17 Aðrar skuldbindingar

Aðrar skuldbindingar eru færðar þegar samstæðan hefur tekið á sig skuldbindingu vegna liðinna atburða, líkur eru taldar á að til greiðslu þeirra komi og hægt er að mæla þær með ábyggilegum hætti. Samstæðan veitir ábyrgð á vissum vörum og skuldbindur sig til þess að gera við vörur sem vinna ekki með eðlilegum hætti.

Skýringar

2.18 Innlausn tekna

Tekjur samanstanda af gangvirði vegna sölu á vörum og þjónustu, að frádregnum virðisaukaskatti og afslætti og eftir að innbyrðis sala innan samstæðunnar hefur verið felld niður.

(a) Sala á vöru og þjónustu

Sala á vöru er færð á því reikningsskilatímabili sem varan er afhent og sala á þjónustu er færð á því reikningstímabili sem þjónustan er innt af hendi með áfangaaðferð.

(b) Vaxtatekjur

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning með aðferð virkra vaxta vegna allra fjármálagerninga sem færðir eru á kostnaðarverði.

(c) Arðstekjur

Arðstekjur eru færðar þegar réttur til að taka á móti greiðslu er fastsettur.

2.19 Leigusamningar

Leiga á varanlegum rekstrarfjármunum þar sem samstæðan nýtur næstum alls ávinnings og ber næstum alla áhættu á leigumun er flokkuð sem kaupleiga. Kaupleiga er færð til eignar við upphaf leigutíma á gangvirði leigumunar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna hvort sem lægra er. Hverri leigugreiðslu er skipt milli leiguskuldar og vaxtagjalda. Jafnframt hefur leiguskuld við leigusala, að frádregnum vöxtum, verið færð meðal annarra langtímaskulda. Vaxtahluti leigugreiðslunnar er gjaldfærður í rekstrarreikningi á leigutíma til þess að sýna stöðugt vaxtahlutfall af eftirstöðvum leiguskuldar í lok hvers tímabils. Varanlegir rekstrarfjármunir sem keyptir eru á kaupleigu eru afskrifaðir á nýtingartíma eða leigusamningstíma, hvort sem skemmra reynist.

Leigusamningar þar sem leigusali heldur verulegum hluta áhættu og ávinnings vegna eignarhalds eru flokkaðir sem rekstrarleiga. Greiðslur sem inntar eru af hendi samkvæmt rekstrarleigu (að frádregnum öllum hvatagreiðslum móttæknum frá leigusala) eru gjaldfærðar í rekstrarreikning línulega á leigutímanum.

2.20 Úthlutun arðs

Úthlutun arðs til hluthafa félagsins er færð sem skuld í reikningsskil samstæðunnar á því tímabili sem hluthafar félagsins samþykkja arðgreiðslurnar.

3. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Samstæðan starfar í umhverfi með ýmiss konar fjárhagsáhættu, þar með talið lánsáhættu, lausafjánhættu og markaðsáhættu. Heildaráætlun samstæðunnar um áhættustjórnun beinist fyrst og fremst að ófyrirséðri hegðun fjármálamarkaða og með henni er reynt að draga sem mest úr hugsanlegum neikvæðum áhrifum á rekstrarárangur samstæðunnar.

Stjórn móðurfélagsins ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu samstæðunnar. Stjórnin hefur falið forstjóra móðurfélagsins umsjón með daglegri áhættustýringu samstæðunnar.

(a) Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar er einkum vegna viðskiptakrafna.

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Lánsáhætta samstæðunnar ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna.

Margir viðskiptamenn samstæðunnar hafa átt í áralöngum viðskiptum við hana og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið óverulegar í hlutfalli af veltu. Við stýringu lánsáhættu vegna viðskiptamanna er einkum horft til aldurs krafna og fjárhagsstöðu einstakra viðskiptamanna.

Samstæðan myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisyrnunar viðskiptakrafna, annarra krafna og fjárfestinga. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna.

Ábyrgðir

Það er stefna samstæðunnar að veita aðeins dótturfélögum eða móðurfélagi ábyrgðir. Þann 31. desember 2007 námu ábyrgðir 4,4 milljónum evra (2006: 4,6 millj. evrur)

Skýringar

Mesta mögulegt tap vegna lánsáhættu án tillits til veða

Eftirfarandi tafla sýnir mesta mögulega tap vegna lánsáhættu án tillits til veða þann 31. desember 2007 og 2006. Fyrir efnahagsliði er mesta mögulega tapið byggt á bókfærðu verði eignanna á uppgjörstegi.

Lánsáhætta tengd efnahagsliðum	Mesta mögulega tap	
	2007	2006
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	11.121	12.248
Handbært fé	2.404	3.825
Samtals mesta mögulega tap vegna lánsáhættu	13.525	16.073

b) Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að hún hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor samstæðunnar.

Samstæðan hefur samið um yfirdráttarheimildir og hefur aðgang að lánalínum hjá viðskiptabönkum. Lánsheimildirnar eru allt að 12 milljónir evra.

Taflan hér að neðan greinir skuldir samstæðunnar í flokka eftir gjalddögum þeirra. Upphæðir í töflunni eru ónúvirtar samningsbundnar greiðslur. Skuldir á gjalddaga innan 12 mánaða frá dagsetningu efnahagsreiknings eru á bókfærðu verði þar sem áhrif núvirðingar eru óveruleg.

Staða 31. desember 2007

	Bókfært verð	Sjóðstreymi skv. samningum	Innan 1 árs	Yfir 12 mánaða		
				1 - 2 ár	2 - 5 ár	Yfir 5 ár
Lántökur	31.664	37.916	12.826	3.753	10.503	10.834
Viðskiptaskuldir	7.265	7.265	7.265	0	0	0
	38.929	45.181	20.091	3.753	10.503	10.834

b) Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla, vaxta og gengi hlutabréfa hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum.

Gjaldmiðlagengisáhætta

Samstæðan býr við gengisáhættu vegna innkaupa og lántöku í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðlum einstakra samstæðufélaga. Helstu starfrækslugjaldmiðlar einstakra samstæðufélaga eru evrur (EUR) og íslenskar krónur (ISK). Sá gjaldmiðill sem einkum skapar gengisáhættu eru IKR.

Lántaka samstæðunnar í öðrum gjaldmiðlum en evrum myndar gengisáhættu sem ekki er varin. Vextir af þessum lánnum eru lægri en af lánnum sem samstæðan tekur í evrum.

Vaxtaáhætta

Lántökur samstæðunnar eru að stærstum hluta með breytilegum vöxtum.

Önnur markaðsverðisáhætta

Önnur markaðsverðisáhætta samstæðunnar er aðallega fólgin í fjárfestingu í hlutdeildarfélaginu HB Granda hf.

4. Mikilvæg atriði sem varða reikningshaldslegt mat

Skráning eigna og skulda með tilliti til næsta fjárhagsárs er byggð á mati samstæðunnar. Stöðugt er farið yfir slíkt mat með hlíðsjón af reynslu og öðrum þáttum svo sem framtíðarvæntingum sem taldar eru eðlilegar miðað við aðstæður. Slíkt reikningshaldslegt mat er í eðli sínu sjaldan nákvæmlega í samræmi við raunverulega niðurstöðu.

Skýringar

5. Aðrar tekjur (-gjöld)	2007	2006
Aðrar tekjur (-gjöld) greinast þannig:		
Hagnaður vegna sölu varanlegra rekstrarfjármuna og byggingaréttar	1.094	1.612
Einskiptiskostnaður v. aflagðrar starfsemi	0	(484)
	<u>1.094</u>	<u>1.128</u>

6. Laun og launatengd gjöld

Starfsmannamál	2007	2006
Laun og launatengd gjöld sundurliðast þannig:		
Laun	11.326	10.869
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður	2.051	1.940
	<u>13.377</u>	<u>12.809</u>

Fjöldi starfsmanna á árinu 544 520

Félagið hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.

Laun og launatengd gjöld skiptast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi	2007	2006
Framleiðslukostnaður	7.801	7.419
Annar rekstrarkostnaður	5.576	5.390
	<u>13.377</u>	<u>12.809</u>

7. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	2007	2006
Vaxtatekjur	381	133
Vaxtagjöld	(1.962)	(1.632)
Gengismunur	(140)	(1.489)
Söluhagnaður (-tap) og niðurfærsla hlutabréfa, fenginn arður	126	13
	<u>(1.595)</u>	<u>(2.975)</u>

8. Tekjuskattur	2007	2006
Tekjuskattur til greiðslu	521	213
Frestaður tekjuskattur (Skýring 18)	575	(379)
	<u>1.096</u>	<u>(166)</u>

Reiknaður tekjuskattur af hagnaði samstæðunnar er annar en fræðileg fjárhæð, ef notað væri vegið meðalstekjuskattshlutfall sem á við um hagnað samstæðuafélaganna sem hér segir:

Hagnaður (tap) fyrir skatta	<u>4.811</u>	<u>(861)</u>
Reiknaður tekjuskattur með tekjuskattshlutfalli viðkomandi lands	1.220	(126)
Varanlegir mismunir	(19)	3
Nýting á yfirfæranlegu tapi sem ekki hefur verið tekið tillit til	(105)	(43)
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	<u>1.096</u>	<u>(166)</u>

Vegið meðalstekjuskattshlutfall samstæðunnar var 22,8%, en var árið áður 15,7%.

9. Hagnaður (tap) á hlut

Hagnaður (tap) á hlut er reiknaður með því að deila þeim hagnaði sem skipta má á hluthafa í móðurfélaginu með vagnu meðaltali almennra hluta sem gefnir eru út á árinu, að undanskildum almennum hlutum sem félagið hefur keypt og heldur sem eigin hlutum.

	2007	2006
Hagnaður (tap) á árinu (þúsundir evra)	3.715	(695)
Veginn meðalfjöldi útistandandi hluta (í þúsundum)	497.567	499.292
Hagnaður (tap) á hlut (EUR cent)	0,75	(0,14)

Heildarfjöldi hluta nemur 500 milljónum, þar af eru eigin hlutir 2,4 milljónir, hver að nafnverði 1 ISK. Allir útgefnir hlutir eru greiddir að fullu. Engin breyting varð á fjölda hluta á tímabilinu.

10. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Miðað við 1. janúar 2006			
Kostnaðarverð Uppsafnaðar afskriftir	17.719 (3.015)	15.600 (5.897)	33.319 (8.912)
Bókfært verð	<u>14.704</u>	<u>9.703</u>	<u>24.407</u>
Staða 31. desember 2006			
Bókfært verð í 1. janúar 2006	14.704	9.703	24.407
Gengismunir	(391)	(281)	(672)
Viðbætur	4.800	986	5.786
Sala	(3.178)	(408)	(3.586)
Afskriftir	(294)	(1.014)	(1.308)
Bókfært verð 31. desember 2006	<u>15.641</u>	<u>8.986</u>	<u>24.627</u>
Miðað við 1. janúar 2007			
Kostnaðarverð Uppsafnaðar afskriftir	17.837 (2.196)	14.581 (5.595)	32.418 (7.791)
Bókfært verð	<u>15.641</u>	<u>8.986</u>	<u>24.627</u>
Staða 31. desember 2007			
Bókfært verð í byrjun árs	15.641	8.986	24.627
Gengismunir	(7)	0	(7)
Viðbætur	4.531	1.469	6.000
Sala	(1.155)	14	(1.141)
Afskriftir	(273)	(1.073)	(1.346)
Bókfært verð 31. desember 2007	<u>18.737</u>	<u>9.396</u>	<u>28.133</u>
Staða 31. desember 2007			
Kostnaðarverð Uppsafnaðar afskriftir	21.087 (2.349)	15.226 (5.831)	36.313 (8.180)
Bókfært verð 31. desember 2007	<u>18.738</u>	<u>9.395</u>	<u>28.133</u>
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna greinast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi:			
	2007	2006	
Framleiðslukostnaður	1.021	930	
Annar rekstrarkostnaður	325	378	
	<u>1.346</u>	<u>1.308</u>	

11. Óefnislegar eignir

	Viðskipta- vild	Einkaleyfi	Hugbún. og þróunar- kostn.	Samtals
Miðað við 1. janúar 2006				
Kostnaðarverð	2.547	2.777	921	6.245
Uppsafnaðar afskriftir	(229)	(288)	(277)	(794)
Bókfært verð	<u>2.318</u>	<u>2.489</u>	<u>644</u>	<u>5.451</u>
Staða 31. desember 2006				
Bókfært verð í 1. janúar 2006	2.318	2.489	644	5.451
Gengismunir	0	0	(12)	(12)
Viðbætur	0	0	132	132
Afskriftir	0	(167)	(110)	(277)
Bókfært verð 31. desember 2006	<u>2.318</u>	<u>2.322</u>	<u>654</u>	<u>5.294</u>
Miðað við 1. janúar 2006				
Kostnaðarverð	2.547	2.777	1.029	6.353
Uppsafnaðar afskriftir	(229)	(455)	(375)	(1.059)
Bókfært verð	<u>2.318</u>	<u>2.322</u>	<u>654</u>	<u>5.294</u>
Staða 31. desember 2007				
Bókfært verð í byrjun árs	2.318	2.322	654	5.294
Gengismunir	0	0	0	0
Viðbætur	0	0	453	453
Afskriftir	0	(167)	(149)	(316)
Bókfært verð 31. desember 2007	<u>2.318</u>	<u>2.155</u>	<u>958</u>	<u>5.431</u>
Staða 31. desember 2007				
Kostnaðarverð	2.547	2.777	1.483	6.807
Uppsafnaðar afskriftir	(229)	(622)	(525)	(1.376)
Bókfært verð 31. desember 2007	<u>2.318</u>	<u>2.155</u>	<u>958</u>	<u>5.431</u>

Afskriftir óefnislegra eigna greinast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi:

	2007	2006
Framleiðslukostnaður	143	127
Annar rekstrarkostnaður	173	150
	<u>316</u>	<u>277</u>

Virðisrýrnunarpróf vegna viðskiptavildar:

Viðskiptavild er skipt á fjárskapandi einingar samstæðunnar (CGU) og er skilgreind eftir því í hvaða landi (félagi) reksturinn er.

Endurheimtanleg fjárhæð fjárskapandi rekstrareininga er ákvörðuð miðað við útreikning á notkunarvirði. Í þessum útreikningum eru notaðar sjóðstreymisspár sem eru byggðar á fjárhagsáætlunum stjórnenda og ná yfir fimm ára tímabil. Sjóðstreymi sem nær til lengri tíma en fimm ára er framreiknað með áætluðum vaxtarhraða (3%), framlegð (28-30%) og ávöxtunarkröfu (11%).

Áætluð framlegð er eins og stjórnendur hafa ákvarðað hana miðað við fyrri árangur og væntingar þeirra um markaðsþróun. Veginn meðalvaxtarhraði sem notaður er miðast við spár sem koma í atvinnugreinaskýrslum. Afvöxtunarsuðlarnir eru fyrir tekjuskatt og endurspegla sérstaka áhættu sem tengist tengdum starfspáttum.

Útreikningar á endurheimtanlegri fjárhæð leiddi ekki til virðisrýrnunartaps á árunum 2007 og 2006.

12. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi greinist þannig:

	Eignarhluti	Hlutdeild í hagnaði	Bókfært verð
HB Grandi hf	9,42%	1.888	9.888

Áætlað markaðsvirði eignarhluta Hampiðjunnar í HB Granda hf. miðað við síðasta skráða viðskiptagengi var í lok ársins er 18,2 milljónir evra.

13. Fjárfestingar sem haldið er til sölu

Fjárfestingar sem haldið er til sölu greinast þannig:

	Nafnverð	Bókfært verð
Net Services Shetland Ltd		416
Síldarvinnslan hf	33	175
Önnur félög		153
		<u>744</u>

14. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

	2007	2006
Net, kaðlar, járnvara, veiðarfæri og aðrar afurðir	16.437	16.304
Vörur í vinnslu	1.261	1.079
Hráefni fyrir hlera, neta- og kaðlaframleiðslu	1.315	1.227
	<u>19.013</u>	<u>18.610</u>

15. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur greinast þannig:

	2007	2006
Viðskiptakröfur	8.841	9.620
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(460)	(569)
Viðskiptakröfur nettó í árslok	8.381	9.051
Skuldabréf og aðrar kröfur	2.740	3.197
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur í árslok	11.121	12.248
Þar af langtímakröfur	(43)	(37)
	<u>11.078</u>	<u>12.211</u>

Viðskiptakröfur eru færðar niður um 460 þúsund evrur í efnahagsreikningi samstæðunnar og greinist niðurfærslureikningurinn á eftirfarandi hátt:

	2007	2006
Niðurfærsla í byrjun árs	569	623
Endanlega tapaðar kröfur á árinu	(74)	(250)
Breyting niðurfærslu á árinu	(35)	196
	<u>460</u>	<u>569</u>

16. Handbært fé

	2007	2006
Handbært fé í banka sem reiðufé og aðrar skammtímafjárfestingar	2.404	3.825

17. Lántökur

Langtímaskuldir greinast þannig í efnahagsreikningi:

Skuldir í erlendum gjaldmiðlum	22.392
Skuldir í íslenskum krónum	1.338
	<u>23.730</u>

Lántökur eru tryggðar með lóðum, fasteignum og birgðum í eigu samstæðunnar. Eignir sem keyptar hafa verið með kaupleigu eru veðsettar með viðkomandi eignum til tryggingar eftirstöðvum skulda.

Langtímaskuldir greinast þannig eftir gengistryggingarákvæðum:

ISK	5,6%	1.338
EUR	68,2%	16.177
CAD	4,4%	1.041
CHF	12,2%	2.884
JPY	2,0%	484
DKK	6,5%	1.540
NZD	1,1%	266
	<u>100%</u>	<u>23.730</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok ársins greinast þannig á næstu ár:

Árið 2008	3.632
Árið 2009	2.719
Árið 2010	2.646
Árið 2011	2.360
Síðar	12.373
	<u>23.730</u>

Skuldir við lánastofnanir koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar meðal langtímaskulda	20.098
Afborganir næstu 12 mánaða, færðar á meðal skammtímaskulda	3.632
Bankalán til skammtíma færðar meðal skammtímaskulda	7.934
	<u>11.566</u>

18. Frestaður tekjuskattur

Breyting á frestuðum tekjuskatti á árinu greinist þannig:

	2007	2006
Tekjuskattskuldbinding í ársbyrjun	2.306	3.041
Tekjuskattur á árinu	1.096	(166)
Tekjuskattur til greiðslu á næsta ári	(521)	(213)
Tekjuskattur færður yfir eigið fé	(126)	(356)
Tekjuskattskuldbinding í lok ársins	<u>2.755</u>	<u>2.306</u>

Frestaður tekjuskattur greinist þannig á eftirfarandi liði:

	2007	2006
Varanlegir rekstrarfjármunir	2.420	2.465
Eignarhlutir í félögum	815	474
Aðrir efnahagsliðir	47	84
Tekjuskattsskuldbinding í lok ársins	3.282	3.023
Yfirfæranlegt skattalegt tap, eignfærsla	(527)	(717)
	<u>2.755</u>	<u>2.306</u>

19. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2007	2006
Viðskiptaskuldir	5.609	4.452
Aðrar skammtímaskuldir	1.801	1.284
	<u>7.410</u>	<u>5.736</u>

20. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila:

Dótturfélög, hlutdeildarfélag, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar samstæðunnar.

Tengdir aðilar með veruleg áhrif:

Samstæðan átti viðskipti á árinu við hlutdeildarfélagið HB Granda hf. og voru viðskiptin við félagið eins og um ótengdan aðila væri að ræða.

Viðskipti við stjórn og stjórnendur:

Laun og hlunnindi til stjórnenda félagsins vegna starfa fyrir félög í samstæðunni og eignarhlutir þeirra í félaginu greinast þannig:

	Laun	Fjöldi hluta í árslok*
Jón Guðmann Pétursson, forstjóri.....	433	0
Bragi Hannesson, stjórnarformaður.....	19	20.000
Árni Vilhjálmsson, stjórnarmaður.....	6	17.274
Kristján Loftsson, stjórnarmaður.....	6	1.640
Sigurgeir Guðmannsson, stjórnarmaður.....	6	12.750
4 framkvæmdastjórar í móðurfélagi.....	426	0
	<u>896</u>	<u>51.664</u>

*Hlutir eru að nafnverði í þúsundum IKR

Gerður hefur verið samningur við forstjóra félagsins um bónusgreiðslu sem tekur mið af gengi hlutabréfa Hampiðjunnar á hlutabréfamarkaði. Bónusinn getur numið allt að 4% af verðmætaaukningu félagsins umfram það sem gengið 8,0 gefur.

21. Vátryggingar

Samstæðan hefur keypt rekstrarstöðvunartyggingar sem ætlað er að bæta tjón vegna rekstrarstöðvunar í allt að 12 mánuði á grundvelli skilmála um eignatryggingar. Tryggingarfjárhæðin nemur allt að 11 milljónum evra. Vátryggingarverðmæti fasteigna samstæðunnar nemur 19 milljónum evra, framleiðsluvéla og -tækja, ásamt hug- og skrifstofubúnaðar 24 milljónum evra og vörubirgða 19 milljónum evra.

22. Árs helmingayfirlit

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á árs helminga:

	júlí - des. 2007	jan.-jún. 2007	júlí - des. 2006	jan.-jún. 2006	júlí - des. 2005
Rekstrartekjur	20.495	27.026	23.089	23.081	22.994
Rekstrargjöld án afskrifta	(18.747)	(22.594)	(19.941)	(20.321)	(19.350)
Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA)	1.748	4.432	3.148	2.760	3.644
Afskriftir	(832)	(830)	(796)	(789)	(874)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	916	3.602	2.352	1.971	2.770
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(2.548)	2.841	(1.277)	(3.907)	(457)
Hagnaður (tap) fyrir skatta	(1.632)	6.443	1.075	(1.936)	2.313
Tekjuskattur	75	(1.171)	(261)	427	(316)
Hagnaður (tap) árs helminga	<u>(1.557)</u>	<u>5.272</u>	<u>814</u>	<u>(1.509)</u>	<u>1.997</u>

23. Yfirlit yfir dótturfélög

	Eignarhluti	Staðsetning
Hampidjan Baltic UAB	100%	Litháen
Hampidjan HiTec Ropes AS	100%	Noregi
Hampidjan Namibia LTD	100%	Namibíu
Hampidjan New Zealand LTD	100%	Nýja Sjálandi
Rope Net and Twine LTD	100%	Kanada
Hampidjan USA Inc	100%	Bandaríkjunum
OTTER Ultra Low Drag LTD	100%	Cayman Island
Balmar - Fios, Lda	100%	Portúgal
Cosmos Trawl A/S	60%	Danmörku
Swan Net Gundry LTD	53,7%	Írlandi
Fjarðanet hf.	50,4%	Íslandi